


✉ Skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2036

Búið til	27.11.2020 16:51:10
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	27.11.2020 16:51:09
Tilheyrir	 202011-0012 - Óskað er eftir umsögn umsagnaraðila vegna skipulagslýsingar fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036

Efni

Skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2036

Upplýsingar

Sent	27.11.2020 16:51:09	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gardabaer@gardabaer.is, skipulag@gardabaer.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0012 og 202011-0013 (KJ, TB)

Vísað er til bréfs frá Garðabæ, dags. 28. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2036. Um er að ræða breytingar á upplandi Garðabæjar, m.a. hvað varðar stíga og reiðvegi, fyrirhugaða friðlýsingu á Urriðakostshrauni og deiliskipulag fyrir golfvöll og útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum. Einnig er um að ræða breytingu vegna rammahluta Vífilstaðalands. Einnig er vísað til bréfs frá Garðabæ, dags. 28. október sl., þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum sem er hluti af fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu hér að framan.

Lýsing fyrir aðalskipulag:

Náttúrufræðistofnun telur að skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi fari að mestu yfir þau atriði sem þarf að skoða við frekari vinnslu á skipulaginu. Eins og kemur fram í lýsingunni er hér um að ræða viðkvæmt svæði og flókið þar sem bæði er reynt að halda í upprunalega náttúru svæðisins, t.d. miklar og merkilega jarðmyndanir, en einnig mikil áhersla á skógrækt með framandi tegundum og einnig er að sjálfsögðu áhersla á útivist og landslagsvernd. Mikilvægt er við frekari vinnslu á skipulaginu að skoða sérstaklega áhrif þess m.t.t.. laga um náttúruvernd s.s. 2. og 3. greinar laganna, 61. greinar, og ákvæða um framandi tegundir svo eitthvað sé nefnt.

Lýsing fyrir deiliskipulag:

Skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulagssvæði í Urriðavatnsdölum nær eingöngu til golfvallarsvæðis Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa í Garðabæ (StLo) ásamt hugsanlegum fólkvangi.

Í myndatexta með mynd 1.3 í lýsingunni segir: „Hér sést afmarkað með hvítri brotalínu fyrirhugað þróunarsvæði golfvallar í hraunflötum. Náttúrufræðistofnun lagði til að nýta svæði sem þegar hefur verið raskað og því voru svæðin sem Náttúrufræðistofnun lagði til afmörkuð sem þróunarsvæði fyrir golfbrautir og aðra útivist.“ Vel má skilja framangreindan texta með þeim hætti að Náttúrufræðistofnun hafi lagt til að svæðið sem er afmakað verði tekið undir golfvöll. Hið rétt er að stofnunin var beðin um álit á nýjum hugmyndum að golfvelli og hvort golfvöllur gæti verið innan fólkvangs.

Í stuttu máli var niðurstaðan á samanburði tveggja kosta þessi: „Náttúrufræðistofnun telur að þessar nýju tillögur að landnýtingu hafi mun minni áhrif á náttúruminjar með verndargildi á svæðinu heldur en fyrri hugmyndir. Annars vegar er horfið frá hugmyndum um að nýta úfið hraun fyrir golfbrautir og hins vegar er þéttleiki golfbrauta í Flatahrauni mun minni en áður. Samkvæmt nýju tillögunum verða eingöngu lagðar golfbrautir í flötu og svo til algrónu helluhrauni.“ Og um golfvöll innan fólkvangs segir stofnunin: „Náttúrufræðistofnun metur það svo að vel sé hægt að hafa golfvöll innan fólkvangs ef aðstæður leyfa og ef þess er gætt að uppbygging hans raski ekki þeim náttúru eða menningarminjum sem er verið að vernda og gera svæði æskileg til náttúruskoðunar. Í sumum tilfellum, t.d. þar sem verið er að vernda sérstætt landslag, getur verið að golfvöllur eigi alls ekki heima á viðkomandi svæði en í Urriðavatnsdölum er golfvöllur þegar til staðar. Í þessu tilfalli er það vafalaust hraunið sem er það markverðasta hvað varðar upprunalegt náttúrufar.“ Sjá bréf/tölvupóst Ní frá 15. febrúar 2017.

Skýrslu Náttúrufræðistofnunar NÍ-16005 sem unnin var fyrir StLo er víða komið inn á framangreind sjónarmið:

Í útdrætti skýrslunnar segir: „Í samvinnu við Garðabæ vinnur StLO nú að því að móta áherslur til framtíðar á notkun landsins og fyrirhugað er að efla möguleika til útivistar, t.d. með því að stækka golfvöll sem fyrir hendi er, bæta við göngu- og reiðleiðum og setja upp fræðsluskilti. Samhliða þessari vinnu er unnið að því að undirbúa friðlýsingu svæðisins sem fólkvang..... „Verndargildi svæðisins byggist að mestu leyti á hrauninu en hraun eru fágætar jarðmyndanir og landslagsform sem hafa hátt verndargildi á heimsvísu og eru vernduð samkvæmt íslenskum náttúruverndarlögum. Ekki er vítað um sjaldgæfar eða friðlýstar plöntutegundir sem vaxa á svæðinu en gróður hraunsins er órjúfanlegur hluti þess. **Verði farið í framkvæmdir á svæðinu þarf að leggja áherslu á að raska hrauninu sem minnst og að vernda og viðhalda náttúrulegu gróðurfari og yfirbragði svæðisins. Ennfremur þarf að huga að mögulega auknu álagi vegna aukinnar útivistar á svæðinu og finna leiðir til að draga úr álagi á náttúruna vegna þess.**“

Í samantekt og ábendingum, bls. 22, kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Auk þess nýtur það sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og forðast ber að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Það þarf því að rökstyðja hvers vegna brýn nauðsyn beri til að fara í framkvæmdir sem raska hrauni. Í þessu samhengi er vert að benda á að í Tjarnholti, sem er innan athugunarsvæðisins og suður af núverandi golfvelli, er svæði með lágt verndargildi sem auðveldlega gæti rúmað stækkun golfvallarins.“

„Verði komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdir í hrauninu séu nauðsynlegar þá þarf að leggja áherslu á eftirtalin atriði:

- Ekki verði hróflað við hrauninu sjálfu, svo sem með því að brjóta niður hraunkolla eða gera skeringar í það (22.-23. mynd).
- Efnisflutningar inn á hraunið verði takmarkaðir eins og kostur er. Stígar og golfbrautir verði í lægðum í hrauninu til þess að draga úr áhrifum á landslag.“

Og bls. 23 segir: „Stofnunin telur að með stofnun fólkvangs og ef nýtt skipulag í Urriðavatnsdölum tekur tillit til framangreindra ábendinga og lagar sig að náttúru svæðisins þá megi finna lausnir sem gera svæðið áhugavert til útivistar og náttúruskoðunar en jafnframt að náttúrulegum einkennum þess verði haldið til haga og vernduð.“

Náttúrufræðistofnun var spurð að því hvernig golfbrautir myndu valda minnstu raski og var því svarað. Eðlismunur er á því og að stofnunin hafi lagt til þróunarsvæði fyrir golfbrautir, svo því sé haldið til haga.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)